MMK17080007

Samningur

mennta- og menningarmálaráðuneytis
við Bridgesamband Íslands
um rekstrarframlag

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneytið, og Bridgesamband Íslands kt. 480169 - 4769, gera með sér svofelldan samning.

1. **Markmið, verkefni og starfsemi**

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum er að:

- tryggja framgang stefnu málefnasviðs 18 í málaflokki 18.4, sbr. fjármálaáætlun 2018-2022.
- fjölga iðkendum í bridge.

1.2.Verkefni

Bridgesamband Íslands skuldbindur sig:

- í samstarfi við aðildarfélög sín að gefa sem flestum kost á að iðka Bridge og stuðla að heilbrigðum lífsháttum.
- til að vinna að fræðslu og forvarnarmálum.

1.3. Starfsemi

- Starfsemi Bridgesambandsins miðast að því að samræma starf aðildarfélaganna og auka samstarf þeirra á milli.
- Bridgebandið skal koma fram fyrir hönd bridgehreyfingarinnar í erlendum samskiptum.
- Bridgesambandið vinnur að eflingu mótahalds, útbreiðslu og fræðslu í bridge á landsvísu.
- Bridgesambandið veitir aðildarfélögum sínum aðstoð, stendur fyrir fræðslu til iðkenda og leiðtoga í starfi félaganna.

1.4. Áherslur

- Bridgesambandið vinni gegn hatursorðræðu á netmiðlum og í starfinu.
- Bridgesambandið og aðildarfélög þess hafi aðgerðaráætlun ef upp koma mál er tengjast kynferðislegri áreitni, ofbeldi, einelti eða annarri ógnandi óæskilegri hegðun.
- Einnig er áhersla á að vinna almennt að jafnréttismálum.

2. **Forsendur samnings, lagaheimildir og lagaskyldur**

2.1.Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

2.2.Framlag í samningi þessum fellur undir stefnu ráðherra á málefnasviði 18 menning, listir og íþróttir og æskulýðsmál, málaflokki 18.4, íþróttir- og æskulýðsmál sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

2.3. Bridgesamband Íslands skal hafa kynnt sér lög og reglugerðir sem gilda um verkefnið og skuldbindur sig til að starfa samkvæmt þeim. Vakin er sérstök athygli samningshafa á eftirfarandi lagaákvæðum: lög um Ríkisendurskoðun nr. 86/1997 og lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

3. Fjárhagsleg skuldbinding ráðuneytisins

3.1. Heildarskuldbinding samningsins er 39 m. kr. á samningstímanum.

3.2. Framlag ráðuneytisins er 13 m. kr. árlega á samningstímanum. Þar af fara 3 m. kr. árlega til afreksmála sambandsins.

3.3. Verði gerð breyting á fjárheimildum til málaflokks 18.4 íþróttir og æskulýðsmál í fjárlögum geta aðilar tekið upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttri fjárveitingu.

3.4. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Bridgesamband Íslands ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflokks 18.4 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir málaflokk 18.4 hjá Bridgesambandi Íslands.

3.5. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna rekstrarverkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.

3.6. Árlegt framlag verður greitt í tólf jöfnum hlutum fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt verður inn á bankareikning viðskiptabanka Bridgesambands Íslands enda uppfyllir samningshafi öll skilyrði og kröfur sem samningur þessi kveður á um.

4. Ábyrgð

4.1. Bridgesamband Íslands ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Sambandið skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.

4.2. Bridgesamband Íslands ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.

4.3. Bridgesambandi Íslands er óheimilt að:

- afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
- framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála og verkefna

5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.

5.2. Bridgesambandiðsamband Íslands skal skila ráðuneytinu ársáætlun um rekstur og starfsáætlun yfirstandandi árs, sbr. gr. 1.3. þar sem fram komi m.a. áætlun um ráðstöfun framlagsins og helstu markmið sem unnið verður að fyrir lok mars ár hvert. Í starfsáætlun skal m.a. koma fram fjöldi skráðra iðkenda í aðildarfélögum og aukning á samningstímanum. Einnig skilar Bridgesambandið upplýsingum um ný verkefni eða breytingar sem kunna að verða á rekstri sambandsins.

5.3. Bridgesamband Íslands skal skila ráðuneytinu endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan með skýringum fyrir lok júní ár hvert og skal afrit jafnframt sent Ríkisendurskoðun. Framlag ráðuneytisins skal koma fram í ársreikningi.

5.4. Fulltrúar ráðuneytisins og Bridgesambandið funda að lágmarki árlega um samninginn og framkvæmd hans. Fyrir lok nóvember skilar Bridgesambandið ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins þar sem fram komi m.a. staða verkefna og hvernig framlagi var ráðstafað miðað við áætlun. Einnig skal gera grein fyrir mælikvörðum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar árangri á verkefninu.

5.5. Bridgesamband Íslands skilar ráðuneytinu öllum þeim upplýsingum sem ráðuneyti kallar eftir í tengslum við rekstur sambandsins til opinberrar upplýsingagjafar.

5.6. Bridgesamband Íslands veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða

fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Við eftirlit hefur ráðuneytið óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.

5.7. Samning þennan, ársreikning Bridgesambands Íslands, sbr. grein 5.3., og greinargerð um framkvæmd samnings, sbr. grein 5.4., skal birta á vef Bridgesambandsins jafnóðum og gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.

6. Vanefndir og meðferð ágreinings

6.1. Bridgesamband Íslands tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum og greinir jafnframt frá úrræðum sem það hyggst grípa til.

6.2. Ráðuneytinu er heimilt að fresta, draga úr eða stöðva og endurkrefja greiðslur uppfylli Bridgesamband Íslands ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.

6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.

6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. Gildistími og lok samnings

7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2020.

7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði eða verkefni samningsins eða samningurinn í heild verði tekin til endurskoðunar séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.

7.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.

7.4. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki auk þess sem fjármála- og efnahagsráðuneyti heldur eintaki.

Reykjavík, 19. desember 2018

Lilja Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Jafet Ólafsson
forseti Bridgesambands Íslands